

**466. fundur Hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, þriðjudaginn 6. maí 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB) Aðalmaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) aðalmaður, Ásgeir Jónsson (ÁJ) Aðalmaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) Aðalmaður, Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB) 2. varamaður, Ása Jónsdóttir (ÁJ) Ritari og Indriði Indriðason Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir, Ritari

Í fjarveru oddvita þá stjórnar varaoddviti, Bjarnveig Guðbrandsdóttir fundi.

Oddviti kannaði lögmæti fundarboðunar. Engar athugasemdir eru gerðar og skoðast því fundurinn lögmætur.

Oddviti leggur til breytingu á dagskrá, að við bætist tveir nýjir liðir, ársreikningur Tálknafjarðarhrepps 2014. og verður sá liður númer 9. og Alþingi fjöggra ára samgönguáætlun 2013-2016, mál nr. 495, beiðni um umsögn. Aðrir liðir færast neðar á dagskrá
Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. 1403073 - 88. fundur stjórnar Náttúrustofu Vestfjarða. 5. mars 2014.

Til kynningar.

2. 1304052 - Fundargerð heilbrigðisnefndar 12.apríl 2013

Til kynningar.

3. 1403072 - Fundargerð Heilbrigðisnefndar 14. febrúar 2014.

Til kynningar.

4. 1404056 - Fundargerð 11. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dgs. 27. mars 2014.

Til kynningar.

5. 1404002F - Félagsmálanefnd - 19

Fundargerðin er staðfest.
samþykkt samhljóða.

6. 1404005F - Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd - 1

Aðeins eitt mál var tekið fyrir á umræddum fundi. Það var kynning á embættisbréfum nefndarmanna.
Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

7. 1404006F - Atvinnu- og hafnarnefnd - 2

Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

8. 1404014F - Samráðsnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 39

Tekinn var til afgreiðslu C. liður fundargerðar. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að gera úttekt á málalyklum í skjalakerfi sveitarfélagsins. Fundargerðin er staðfest.
Samþykkt samhljóða.

9. 1405004 - Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps 2013.

Ársreikningur Tálknafjarðarhrepps sog stofnana hans fyrir árið 2013, tekinn til fyrri umræðu. Ársreikningurinn er lagður fram undirritaður af sveitarstjóra.
Ársreikningi Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans er vísað til síðari umræðu.
Samþykkt samhljóða.

10. 1405015 - Alpingi fjöggra ára samgönguáætlun 2013-2016, mál nr.495 beiðni um umsögn.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps, harmar þær tafir sem orðið hafa á framkvæmdum við Vestfjarðarveg 60 í Gufudalssveit.
Það er skýlaus krafa að unnið verði að lausn á málinu og framkvæmdum hraðað eins og kostur er. Mikil atvinnuuppbygging er á sunnanverðum Vestfjörðum og eru núverandi samgöngur farnar að standa í vegi fyrir þeirri uppbyggingu. Samgöngur innan fjórðungs, milli norður- og suðursvæðis auka á einagrun byggðarlaga á Vestfjörðum og gerir þau öll veikari og viðkvæmari fyrir breytingum sem geta orðið í atvinnulífi. Það er því gleðiefni að sjá að Dýrafjarðargöng séu komin á áætlun.
Einnig vill sveitarstjórn taka fram að viðhaldsþörf á vegum, hvort sem það eru malarvegir eða vegir með bundnu slitlagi, er orðin mikil og því er rík þörf á að bæta verulegum fjármunum í viðhald á vegakerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum. Miklar væntingar eru bundnar við uppbyggingu á fiskeldi á svæðinu og eru tryggar samgöngur gríðarlega mikilvægar fyrir þau fyrirtæki, sem þurfa að flytja bæði aðföng inn á svæðið og svo vörur á markaði. Um mikilvægi Breiðarfjarðarferjunnar Baldurs þarf ekki að deila og ferjan í raun lífæð svæðisins eins og staðan er núna. Nýtt hótél er risið á svæðinu, og er von til að gistirýmum fjölgi enn frekar. Uppbygging hverskonar afþreyingar fyrir ferðamenn, s.s sjósport o.fl. hefur jafnframt aukist. Því eru flugsamgöngur að verða mikilvægari en áður, eins og fjölgun farþega á Bíldudalsflugvelli hefur sýnt, því verður að setja lengingu á flugbrautinni á Bíldudalsflugvelli á samgönguáætlun. Með því að auka enn frekar fjármagn til samgöngumála á sunnanverðum Vestfjörðum þá eru góðir möguleikar að byggðir á Vestfjörðum geti snúið vörn í sókn.
Samþykkt samhljóða.

11. 1403086 - Áskriftarsamningur um fjölmiðlavöktun

Erindinu hafnað.

12. 1404027 - Samorka boð um að gerast aðilar að Samorku, Samtökum orku- og veitufyrirtækjum.

Erindinu er hafnað.
Samþykkt samhljóða.

13. 1403074 - Samþykki fyrir ábyrgð á leigu húsnæðis fyrir BsVest.

Tálknafjarðarhreppur samþykkir framlagðan samning milli BsVest og Ísafjarðarbæjar fyrir sitt leyti.
Samþykkt samhljóða.

14. 1403076 - Samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss á starfssvæði Heilbrigðisnefndar Vestfjarða.

Erindinu vísað til seinni umræðu.
Samþykkt samhljóða.

15. 1403083 - Umsókn um leyfi til hundahalds.

Umsóknin er samþykkt, og er umsækjandi hvattur til að kynna sér reglur um hundahald í Tálknafirði. Ef um fjölbýlishús er að ræða þarf að liggja fyrir samþykki allra íbúa hússins, að því uppfylltu þá verður leyfið veitt.
Samþykkt samhljóða

16. 1403084 - Umsókn um styrk vegna uppbyggingar Skotípróttafélags Vestfjarða.

Samþykkt að styrkja félagið um 35.000.- Samþykkt með þrem atkvæðum, BSH og BB sitja hjá.

17. 1404048 - Sameiginleg atvinnustefna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. erindi dags. 11. apríl 2014.

Erindinu er vísað til Atvinnu-og Hafnarnefndar.
Samþykkt samhljóða

18. 1312029 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra.

Sveitarstjóri fór yfir þau mál sem efst eru á baugi í sveitarfélaginu.

19. 1404051 - Lóðarleigusamningur.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að skrifa undir framlagðan lóðaleigusamning ásamt viðauka.
Samþykkt samhljóða.

20. 1404055 - Tjaldsvæði kaup á leiktækjum.

Samþykkt samhljóða.

21. 1405005 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2014.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr 1.1 í framlögðum gögnum að upphæð 4.500 þús.kr.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.2 í framlögðum gögnum að upphæð 2.000. þús.kr.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.3 í framlögðum gögnum að upphæð 2.000. þús.kr.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.4 í framlögðum gögnum að upphæð 10.000. þús.kr.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.5 í framlögðum gögnum að upphæð 4.000. þús.kr.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.6 í framlögðum gögnum að upphæð 500. þús.kr.
Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun nr.1.7 í framlögðum gögnum að upphæð 500. þús.kr.
Einnig var lagt fram samstæðuskil þar sem áhrif á viðaukum er sýnd á samstæðuppgjöri sveitarfélagsins,

Samþykkt samhljóða.

22. 1404057 - Ársreikningur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 2013.

Til kynningar.

23. 1404050 - Drög að áætlun til þriggja ára um refaveiðar. erindi dags. 11. apríl 2014.

Til kynningar.

24. 1404022 - Arðgreiðsla Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. vegna ársins 2013. erindi dags 2. apríl.

Til kynningar.

25. 1403078 - Björgunarsveitin Tálkni, þakkarbréf.

Til kynningar.

26. 1403085 - Framlag um endanlega úthlutun vegna framlags sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum 2014.

Til kynningar.

27. 1403077 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, ársreikningur 2013.

Til kynningar.

28. 1404033 - Rennslismælingar á holu LL-01 í Sveinseyrarhlíð Tálknafirði

Til kynningar.

29. 1403090 - Vatnsveita Tálknafjarðar, sýnataka

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:50.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____